

# ÚTFARIR

MIÐVIKUDAGUR 19. OKTÓBER 2011

## Kynningarblað

Siðir, nærgætni, kistur, steinar, krossar, lugtir, englar, þjónusta.



## Hafa hlýju, auðmýkt og virðingu að leiðarljósi

Útfararþjónustan ehf. hefur verið í eigu Rúnars Geirmundssonar og fjölskyldu hans frá stofnun hennar. Hann segir mikilvægast að taka tillit til aðstæðna hverju sinni og nálgast verkefnið með auðmýkt.

Það er nauðsynlegt að hafa samband við útfararþjónustustu sem fyrst eftir að andlát ber að,“ segir Rúnar Geirmundsson, eigandi Útfararþjónustunnar við Fjarðarás. „Í fyrsta lagi þarf að flytja hinn látna af dánarstað og í líkhús og síðan að byrja að undirbúa kistulagninguna. Útfararstjórinn heimsækir yfirleitt aðstandendur daginn eftir og þeir leggja þá fram óskir sínar varðandi framkvæmd kistulagningar og síðan jarðarfarar. Í því felst í flestum tilfellum að velja prest og hafa samband við hann og síðan að tíma-setja athafnirnar inn í forrit sem við notum og er beintengt við kirkjugarðana. Næsta skref er svo að ákveða hvað kemur í okkar hlut en um það hafa aðstandendur auðvitað frjálssar hendur að mestu leyti.“

Rúnar stofnaði Útfararþjónustuna á vormánuðum árið 1990 og hefur alla tíð veitt fyrirtækinu forstöðu sem framkvæmdastjóri þess og útfararstjóri. Útfararþjónustan er í eigu Rúnars og eiginkonu hans, Kristínar Sigurðardóttur, og starfa synir þeirra, Sigurður og Elís, þar ásamt föður sínum. Skrifstofa Útfararþjónustunnar er að Fjarðarási 25 í Reykjavík. Þar tekur útfararstjóri á móti aðstandendum og veitir þeim allar upplýsingar er varða undirbúning útfarar. Útfararstjóri kemur einnig heim til aðstandenda sé þess óskað.

Á Viðarhöfða í Reykjavík er

aðstaða Útfararþjónustunnar fyrir líkbíla og kistur og þar er fullkomin aðstaða fyrir alla starfsemi útfararþjónustu. Að auki hefur Útfararþjónustan aðgang að aðstöðu í líkhúsinu við Fossvogskapellu.

Rúnar segir það ráðast mest af orðspori hvaða útfararþjónustu fólk velji og að bestu meðmæli sem hægt sé að fá sé að fólk leiti til þeirra aftur og aftur. „Satt best að segja byggist þetta dálítið mikið á persónulegum kunningssskap og ef maður sinnir sínu starfi vel er það fljótt að spyrjast út. Fyrst og fremst þarf að taka tillit til þess að fólk er í sárum eftir ástvinamissi. Við þurfum að gæta að því sem við gerum og segjum og eins að nálgast fólk með hlýju og auðmýkt. Það getur verið mjög erfitt að bjóða fólk við þessar aðstæður þjónustu sem kostar peninga en þetta hefur lærst í gegnum árin og við tökum mjög mikið tillit til þess hvernig aðstæður eru hverju sinni.“

Rúnar hefur unnið við útfararþjónustu frá því 1983, fyrst hjá Kirkjugörðum Reykjavíkur og síðan í eigin fyrirtæki. Hann segir hafa lært það á löngum ferli að það skipti ekki höfuðmáli hvaða trú fólk aðhyllist eða hvort það aðhyllist trú yfirleitt, virðingin fyrir hinum látna sé alltaf í forgrunni. „Og það þurfum við alltaf að hafa í huga, án þess að taka afstöðu til trúmála. Hljá, auðmýkt og virðing er það leiðarljós sem við fylgjum alltaf.“



„Ef maður sinnir sínu starfi vel er það fljótt að spyrjast út,“ segir Rúnar Geirmundsson útfararstjóri, sem rekur Útfararþjónustuna ehf. ásamt sonum sínum Sigurði og Elí.

MYND/GVA



### Á VERKSVIÐI ÚTFARARSTJÓRA ER:

- að sækja hinn látna á dánarstað og flytja í líkhús
- að heimsækja aðstandendur og fara með þeim yfir þá þætti sem athuga þarf fyrir athöfn
- að aðstoða aðstandendur við að komast í samband við prest
- að skrá hinn látna og tímasetningar athafna í bókunarkerfi kirkjugarða
- að aðstoða við val á tónlistarfólki og prentun á sálmaskrá
- að aðstoða við kaup á blómum á kistu og krönsum sé þess óskað
- að sjá um að ganga frá hinum látna í kistu fyrir kistulagningu
- að hafa umsjón með kistulagningu
- að hafa umsjón með útför og akstri í kirkjugarð að henni lokinni
- að útvega kross og merkingu á leiði
- að taka saman sem innheimtu-aðili reikninga frá tónlistarfólki, blómabúðum, kirkjuvörðum og prentun
- að senda aðstandendum reikning með samantekt allra sem að útför koma



Þær kistur sem við bjóðum, eru framleiddar í Danmörku og hafa staðist allar væntingar um fagleg vinnubrögð og góðan frágang.

## Útfararþjónustan ehf.

Stofnað 1990

Fjarðarási 25 • 110 Reykjavík • Sími 567 9110 • 893 8638  
www.utfarir.is • runar@utfarir.is



Fjölskyldufyrirtæki  
í 21 ár

Markmið okkar hefur ávallt verið að veita bestu faglegu þjónustu varðandi undirbúning og framkvæmd útfarar.



Rúnar Geirmundsson



Sigurður Rúnarsson



Elís Rúnarsson



Þorbergur Þórðarson



# Gott að hjálpa til á erfiðum stundum

Athöfn útfararþjónusta leggur rækt við vönduð vinnubrögð og persónulega þjónustu. Fyrirtækið sýnir aðstandendum trúnað um allt sem varðar útfarir ástvina eða ættingja.

Við erum rótróíð fyrirtæki sem leggur rækt við vönduð vinnubrögð og persónuleg samskipti. Þegar við förum út í þetta ákváðum við að opna heimilið okkar til þess að taka við aðstandendum. Nokkurs konar „funeral home“. Eins bjóðumst við til að fara heim til aðstandenda að ræða undirbúning útfara. Því hefur verið mjög vel tekið þar sem það er léttir fyrir marga að vera heima fyrir á viðkvæmum stundum,“ segir Inger Steinsson, útfararstjóri hjá Athöfn útfararþjónustu við Strandgötu 43 í Hafnarfirði.

Athöfn er alhliða útfararþjónusta sem sýnir aðstandendum trúnað í öllu sem varðar útför ástvina eða ættingja þeirra. Útfararþjónustan þjónustar líka þá sem óska eftir borgaralegri útför og fólki í öllum trúfélögum. Þótt útfararþjónustan sé í Hafnarfirði þjónar hún öllu stór höfuðborgarsvæðinu. „Og í raun landsbyggðinni ef þjónusta okkar er sérstaklega óskað,“ tekur Inger fram.

Inger og eiginmaður hennar Ólafur Örn eru búin að vera starfandi við útfararþjónustu í yfir 15 ár. Þá var Inger fyrsta konan sem sinnti starfi útfararstjóra og var ekki alltaf auðvelt í fyrstu. „Þessi grein var búin að vera mikið karlaveldi. Seinna gekk dóttir okkar Inger Rós til liðs við okkur og þar með erum við orðnar tvær konur



„Þetta getur auðvitað verið viðkvæmt og sárt en líka mjög gefandi og þakklátt starf,“ segir Inger, hér ásamt dóttur sinni Inger Rós.

MYND/GVA

hjá Athöfn. Ég er ekki frá því að það komi sér vel, maðurinn minn hefur alla vega haft orð á því að við konur tökum öðruvísi á viðkvæmum málum en karlar. Hann fól okkur stundum alfarið umsjón mála þar sem sorgin var mikil.“

Inger tekur fram að þótt starf útfararstjóra geti tekið á telji hún sig afar lánsama að geta hjálpað aðstandendum á viðkvæmstu stundum í lífinu. „Þetta getur

verið viðkvæmt og sárt en líka mjög gefandi og þakklátt starf.“

Lýsingin fjölskyldufyrirtæki á vel við Athöfn því barnabörn Ingerar og Ólafs eru farin að hjálpa til. „Þau elstu hafa verið að aðstoða okkur eftir því sem með þarf, sem er gott og notalegt. Og allir sinna starfinu af heilum huga og hjarta.“

Hægt er að hafa samband við Athöfn hvenær sem er sólahringisins í síma 551-7080.



Rétttrúnaðargyðingar hafna líkbrennslu og leggja sitt fólk til hinstu hvílu eins fljótt og auðið er.

NORDICPHOTOS/AFF

## Ólíkir útfararsíðir

Útfarir eru af ýmsum toga og geta verið breytilegar meðal annars eftir trú, síðum og tíma.

Múslimar og gyðingar eiga það sameiginlegt að leggja sitt fólk til hinstu hvílu eins fljótt og auðið er en ekki fimm eða tíu dögum eftir andlát eins og tíðkast meðal kristinna.

Þegar múslimi andast er líkaminn þveginn og vafinn inn í hvítt klæði. Hinn látni er lagður á hægri hlið og andlitið látið snúa til Mekka í Sádi-Arabíu, þar sem borgin gegnir heilögu hlutverki meðal múslima.

Gyðingar, einkum rétttrúnaðargyðingar hafna líkbrennslu og eru hinir látnu grafnir í einföldum viðarkistum sem eiga að flýta fyrir niðurbroti líkamsleifa. Jarðarförin er yfirleitt látlaus og blóm og kransar tíðkast ekki. Síðar má þó leggja blóm á leiði hins látna.

Hindúar kjósa yfirleitt líkbrennslu, þar sem þeir trúa því að eldurinn losi sálina úr fjötrum líkamans. Eingöngu karlar eru viðstaddir útförina. Prestur fer með bænir á meðan nánasti aðstandandi hins látna, oft elsti sonurinn kveikir í bálkestinum. Að brennslu lokinni er ösku og líkamsleifum hins láta dreift á fljót, helst heilagt fljót.

Búddistar annaðhvort grafa eða brenna hinn látna og getur það farið eftir trúarabrigði, síðum og aðstæðum. Taflenskir búddistar fara aðra hvora leiðina, sjö dögum frá andláti og eru sorgarklæðin svört eða hvít en aðrir litir þykja ekki við hæfi.

Helstu heimildir: visindavefur.hi.is og wikipedia.org.

## Samskiptin mikilvæg

Hjá Útfararstofu Kirkjugarðanna ehf. er áhersla lögð á traust og umhyggju. Fyrirtækið byggir á áratugareynslu starfsfólks en að mörgu þarf að huga þegar andlát ber að höndum.

„Yfirleitt er haft samband við okkur frá dánarstað og við beðin um að flytja hinn látna í líkhús. Tveir menn eru hjá okkur á útkallsvakt, alla daga ársins utan hefðbundins vinnutíma. Síðan hefst skipulagning útfararinnar og við sjáum um hana í samvinnu við aðstandendur,“ útskýrir Arnór L. Pálsson, framkvæmdastjóri Útfararstofu Kirkjugarðanna.

Að mörgu þarf að huga við andlát. Útfararstofan hefur samband við þann prest sem aðstandendur óska eftir, ákveða þarf stað og stund fyrir kistulagningu og útför en útför getur farið fram í hvaða kirkju sem er á höfuðborgarsvæðinu. Kistulagning fer venjulega fram í Fossvogskapellu eða bænhúsi við Fossvogskirkju, tveimur til sex dögum eftir dauðsfall. Kistulagt er alla virka daga frá 9 til 16 og útfartímar eru klukkan 11, 13 og 15, mánudaga til föstudaga.

„Eins þarf að huga að sálmaskrá og vali á tónlistarfólki, organista og kirkjuskreyingum og hversu margir munu bera kistuna,“ bætir Arnór við. Ákvarðanirnar eru margar sem taka þarf, oft á erfiðum stundum. Arnór segir starfsfólk útfararþjónustunnar ávallt leggja sig fram við að veita bestu mögulegu þjónustu sem völ er á með áherslu á traust og umhyggju.



Arnór L. Pálsson, framkvæmdastjóri Útfararstofu Kirkjugarðanna, segir starfið erfitt á stundum en einnig gefandi.

MYND/ANTON

Nauðsynlegt sé að geta gefið af sér.

„Það útskrifar enginn skóli útfararþjónustufólk, starfið lærist með reynslunni og mannleg samskipti þurfa að vera góð. Við búum að mikilli reynslu en hér hefur sami starfsmannahópur unnið árum saman,“ segir Arnór. „Sorgin er alltaf erfið og við hittum fólk á þeirra viðkvæmstu stundum. Þá er nauðsynlegt að starfsfólk geti gefið af sér. Starfið er erfitt en mjög gefandi.“

Útfararstofa Kirkjugarðanna ehf, er stærsta útfararþjónusta landsins, stofnuð 1994 en áður

höfðu Kirkjugarðar Reykjavíkur rekið útfararþjónustu frá árinu 1948. Viðtalsherbergi og skrifstofur eru til húsa að Vesturhlíð 2 í Fossvogi og þar er einnig aðstaða til gerðar sálmaskráa og skiltagerð. Lagerpláss og bílageymsla stofunnar er í Auðbrekku 1 í Kópavogi en fyrirtækið rekur fjóra Cadillaclíkbyla og Renault flutningabíl. Samvinna er við Útfararþjónustu Hafnarfjarðar og Fjöl-Smíð kistuverkstæði, um kistukaup.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðunni [www.utfor.is](http://www.utfor.is)



Arnór L. Pálsson  
framkvæmdastjóri



Ísleifur Jónsson  
útfararstjóri



Þrímundur Elfrésson  
útfararþjónusta



Svafar Magnússon  
útfararþjónusta

— REYNLSLA • UMHYGGJA • TRAUST —



Hugufrún Jónsdóttir  
útfararþjónusta



Guðmundur Baldvinsson  
útfararþjónusta



Þorsteinn Elfrésson  
útfararþjónusta



Ellert Ingason  
útfararþjónusta

*Þegar andlát ber að höndum*

*Önnumst alla þætti útfararinnar*



**ÚTFARARSTOFA  
KIRKJUGARÐANNA**

Vesturhlíð 2 • Fossvogi • Sími 551 1266 • [www.utfor.is](http://www.utfor.is)



**Heimir & Kolla**  
vakna með þér í bítíð

Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist  
alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000

Umsjónarmenn auglýsinga: Ívar Örn Hansen, [ivarorn@365.is](mailto:ivarorn@365.is) s. 512 5429.

Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

# Leiðandi hönd í gegnum ferlið

Útfararþjónusta Hafnarfjarðar veitir afar persónulega þjónustu þar sem hjónin Hálfán Hálfánarson og Ólöf Helgadóttir ásamt útfararstjóranum Frímanni Andræssyni taka á móti fólki, jafnt úr Hafnarfirði sem og annars staðar af höfuðborgarsvæðinu.

Starfsfólk Útfararþjónustu Hafnarfjarðar vinnur náið saman fyrir aðstandendur látinna í húsnæði að Stapahrauni 5. Á skrifstofu Útfararþjónustunnar er tekið á móti aðstandendum en í sama húsnæði er líkkistuvinnustofa Fjölsmíð sem Hálfán stofnaði árið 1995. Þar er meðal annars hægt að fá kistur sem framleiddar eru frá grunni á verkstæðinu eða fengnar frá útlöndum. Partur af starfsemi er saumastofa á efri hæðinni þar sem Ólöf, eiginkona Hálfáns, saumar meðal annars fóður í kisturnar, rúmföt og líkföt.

„Aðstaða okkar í Hafnarfirði er góð til þess að taka á móti aðstandendum en einnig komum við heim til fólks sé þess óskað,“ segir Frímann. „Við förum í gegnum og aðstoðum við allt skipulag og sami starfsmaðurinn fylgir fólki í gegnum allt ferlið og því sem þarf að huga að fyrir kistulagningu og útför. Þótt við höfum mest verið í því að aðstoða Hafnarfirðinga er þjónustan opin öllum landsmönnum.“

Að mörgu er að huga fyrir aðstandendur þegar náinn ættingi fellur frá. Hálfán segir útfararþjónustu þeirra geta aðstoðað fólk sem þarf að halda kostnaði niðri við að finna hagkvæmstu leiðina og þá sé einnig hægt að fara algerlega í hina áttina, þar sem verðflokkarnir séu hærri.

„Það er flestum mjög erfitt að ganga í gegnum það að kveðja náinn ættingja eða vin og við höfum langa reynslu af umsjón útfara og því að umgangast fólk á viðkvæmum stundum í lífi þess. Við fylgjum fólki allan tímann og aðstoðum við það sem þarf að sinna,“ segir Frímann og útskýrir í hverju sú aðstoð felst.

„Andlát verða helst á sjúkrahúsum, hjúkrunarheimilum eða í heimahúsum. Þá sjáum við um að flytja hinn látna í líkhús og þá tekur meðal annars við ákvörðun um val kistu. Fjölsmíð, líkkistuvinnustofa Hálfáns, framleiðir meðal annars kistur frá grunni, af öllum gerðum



Frímann Andræsson og Hálfán Hálfánarson hjá Útfararþjónustu Hafnarfjarðar hafa langa reynslu af því að umgangast fólk á viðkvæmum stundum í lífi þess. MYND/ANTON



Fjölsmíð, líkkistuvinnustofa Hálfáns, framleiðir meðal annars kistur frá grunni.

og eins eru í boði kistur sem koma frá útlöndum, meðal annars úr eik, birki og furu. Einnig erum við með ýmsar tegundir af duftkerum en það hefur verið mikil aukning í bálförum síðustu árin. Allar kistur og duftker sem við höfum er hægt að

skoða á heimasíðu okkar uth.is.“

Útfararþjónusta Hafnarfjarðar selur meðal annars kistur frá danska framleiðandanum Tommerup en í tilefni af 100 ára afmæli Tommerup árið 2010 er svokölluð demantslína komin í framleiðslu, hönnuð af Jakob Jensen. Er því nú hægt að fá kistu sem hefur útlit eins og demantur.

Auk kistunnar eru líkföt og rúmföt, svo sem sæng, koddí og

blæja, valin og ákveðið hvernig búa skuli um hinn látna í samráði við aðstandendur. „Við sjáum um að útvega það sem fólk vill en ofan á kistuna fara ýmist fallegar blómaskreytingar eða að kistan er sveipuð íslenska fánanum. Líkmenn þurfa að vera 6-8. Við útvegum kross og skilti á leiði, sjáum um milligöngu varðandi tónlistarflutning og prentun á sálmaskrá,“ segir Hálfán, en það munar miklu fyrir aðstandendur að hafa leiðandi hönd í gegnum ferlið.

„Við sjáum einnig um samskipti við starfsmenn kirkjugarðanna og í raun að allt sé tilbúið fyrir útfarar-

daginn sem og kistulagninguna,“ segir Hálfán, en starfsmenn Útfararþjónustunnar taka á móti aðstandendum við kistulagninguna, eru þeim innan handar og sjá til þess að allt sé tilbúið.

Að morgni útfarardags er kistan flutt í kirkjuna og þegar aðstandendur koma til kirkju er farið yfir með líkmönnum hvernig þeir bera sig að í kirkju og kirkjugarði.

„Líklega munar mestu með okkar þjónustu að við aðstoðum við hvert smáatriði. Fólk þarf því ekki að fara á marga staði, sem léttir undir og gerir viðkynnin persónulegri,“ segir Frímann að lokum.



Stapahraun 5 - 220 Hfj.  
uth.is - uth@simnet.is - Sími: 565-9775  
FJÖLSMÍÐ LÍKKISTUVINNUSTOFA  
Stofnað 1995

## ÚTFARARÞJÓNUSTA HAFNARFJARÐAR



FRÍMANN ANDRÉSSON  
ÚTFARARSTJÓRI



HÁLFDÁN HÁLFDÁNARSON  
ÚTFARARSTJÓRI

# Stjörnur sem enn skína skært

Fjöldi fólks hvaðanæva að úr heiminum leggur árlega leið sína að gröfum frægra listamanna, stjórnmálaleiðtoga og hugsuða. Dæmi eru um að hinir látnu laði að fleiri ferðamenn en vinsæl söfn, söguleg mannvirki og önnur kennileiti.

**P**ví fer fjarri að Notre Dame, Eiffelturninn og Louvre-safnið séu eina aðdráttarafl Parísar. Gröf Jims Morrison (1943-1971) hefur um langt skeið verið einn vinsælasti viðkomustaður þeirra sem leggja leið sína til borgarinnar. Þar var tónlistarmaðurinn lagður til hinstu hvílu fyrir fjörutúfa árum í Père Lachaise-kirkjugarðinum innan um aðra listamenn á borð við Frédéric Chopin og Mariu Callas, hugsuði, stjórnmálaleiðtoga og stríðshetjur.

Sjaldan er þó lognmolla í kringum hvíldarreitinn, þar sem lögreglan hefur oft þurft að hafa töluverð afskipti að næturlagi af Morrison-aðdáendum sem vilja heiðra átrúnaðargoðið með áfengi og sígarettum. Malibu er gjarnan tekið fram, en drykkurinn ku hafa verið í uppáhaldi hjá tónlistarmanninum.

Graceland í Memphis, óðalssetur Elvis Presley (1935-1977), er sjálfsgagt ein þekktasta bygging í Bandaríkjunum á eftir Hvíta húsinu. Árlega heimsækja kringum 600.000 ferðamenn heimili rokkkóngsins sáluga þar sem hann bjó til hinsta dags. Hægt er að fara í skoðunarferð um Graceland og sjá gröf Presleys og móður hans Gladys. Þangað voru líkamlegar leifar þeirra fluttar úr íburðarmiklu grafhýsi í Forest Hills-kirkjugarðinum í Memphis vegna skemmdarverka af völdum aðgangsharðra aðdáenda.

Vinsældir leikkonunnar Marilyn Monroe (1926-1962) eru slíkar að árlega flykkjast þúsundir manna að gröf hennar í Westwood Memorial Park í Los Ange-



Fjöldi fólks safnaðist saman við leiði Jims Morrison í Père Lachaise-kirkjugarðinum í París í júlí til að minnast þess að 40 ár voru liðin frá dauða hans.

NORDICPHOTOS/AFP



Joe DiMaggio sá um útför fyrrverandi eiginkonu sinnar Marilyn Monroe. Hann lét senda sex rauðar rósir til hennar þrisvar í viku í meira en 20 ár eftir fráfall hennar.



Í Graceland er hægt að skoða leiði Elvis Presley, en það er iðullega blómum skreytt og þar logar eilífur logi.



Diana er grafín á eyju í litlu vatni á landareign Spencer-fjölskyldunnar. Skammt frá er safn helgað prinsessunni sem er opið almenningi.

les. Ekki láta þó allir nægja stutta heimsókn því marga dreymir hreinlega um varanlega búsetu í námunda við gröf Monroe. Kom það bersýnilega í ljós fyrir nokkrum árum þegar grafhvelvingin þar við hliðina var boðin upp á eBay og seldist að lokum eftir mikil læti fyrir litlar 4,6 milljónir dala. Þess má geta að í Westwood Memorial Park er jafnframt að finna grafir margra af skærustu stjörnum bandarískrar dægurmenningar, svo sem leikaranna Deans Martin og Donnu Reed.

Sjaldan hefur andlát nokkurrar manneskju hlotið jafn mikla athygli og andlát Díönu Spencer (1961-1997). Heimbyggðin syrgði Díönu, sem lést í bílslysi 31. ágúst 1997, og í marga mánuði á eftir þöktu blóm strætín utan við Buckinghamhöll til minningar um prinsessuna. Díana var grafín í Althorp, landareign Spencer-fjölskyldunnar, í Northamptonshire á Englandi. Gröfin er á lítilli eyju í miðju vatnins Round Oval. Ferðamenn geta frá júlí til september skoðað þar safn helgað henni en blátt bann er lagt við heimsóknum út í eyjuna.

Michael Jackson (1958-2009) var borinn til grafar hinn 3. september 2009 í Forest Lawn-kirkjugarðinum í Glendale í Los Angeles. Enn sem komið er er þó ekki hægt að heimsækja leiði poppkóngsins þar sem hann hvílir í kjallara byggingar í kirkjugarðinum. Ættingjar Jacksons létu flytja hann þangað af ótta við hugsanleg skemmdarverk á leiðinu. Um sinn verða gallharðir aðdáendur því að láta sér nægja heimsókn til Forest Lawn, þar sem víst er að andblær poppkóngsins fallna ríkir.

## Leysa praktísk mál á erfiðum tímum

Hjá Útfararstofu Íslands starfa útfararstjórar með áralanga reynslu. Þar er höfuðáhersla lögð á trausta og persónulega þjónustu.

Útfararstofa Íslands liðsinnir aðstandendum látinna frá því ástvinur deyr og þar til greftrun á sér stað; hvort sem það er í kistu eða duftkeri. „Við reynum að létta praktísku málunum af aðstandendum á erfiðum tímum,“ segir eigandinn og útfararstjórinn Sverrir Einarsson, sem stofnaði stofuna árið 1996 ásamt Sverri Olsen, en hún er staðsett í Suðurhlíð 35. Sjálfur hefur hann starfað í faginu í bráðum þrjátíu ár en hvað kom til? „Ég hafði unnið sem sumarstrákur í kirkjugörðunum en var síðan tekinn inn í afleysingar. Eitt leiddi af öðru og ég hef unnið við þetta síðan,“ segir Sverrir.

En í hverju felst þjónustan? „Þegar aðstandandi deyr er fyrsta skrefið að hringja í prest eða útfararstofu. Þegar hringt er í mig tek ég niður allar grunnupplýsingar og hef samband við prest ef þess er óskað. Síðan óska ég yfirleitt efnisfundum með fólki og kemur það ýmist til mín eða ég til þess. Þegar búíð er að finna út hvaða tími hentar fyrir kistulagningu og útför sjáum við um að bóka kirkju, kalla til kór, organista og tónlistarfólk sem óskað er eftir að komi fram. Þá aðstoðum við fólk við val á kistu og förum yfir hvort það vilji koma með eigin fatnað á hinn láta eða hina látnu eða óski eftir líkklæðum. Við sækjum hinn látna, göngum frá í kistu og snyrtum ef þarf. Þá sjáum við um að útvega blómaskreyingar sé þess óskað, prentum sálmaskrá og útvegum grafreitinn ef hann er ekki þegar til. Við undirbúum kistulagningu og tökum á móti fólki og það sama gerum við í jarðaförinni sjálfri. Við sjáum svo um að aka í kirkjugarðinn að athöfn lokinni eða í Fossvog ef um bálför eða ræða. Sé um bálför að ræða er kerfi sett niður síðar með nánustu ættingjum.“

Sverrir segir bálförum hafa fjölgað mikið en kann hann skýringu á því? „Yngri kynslóðir eru opnari fyrir þeim og umfjöllunin



Útfararstjórnir Hermann Jónasson, Kristín Ingólfssdóttir og Sverrir Einarsson segja orðspor og gott viðmót skipta fólki máli við val á útfararþjónustu.

FRÉTTAHLAÐIÐ/ANTON

er jákvæðari en áður. Það er meiri umræða um lífið og dauðann og allar upplýsingar eru mun aðgengilegri en áður.“

En hvað verður til þess að fólk velur eina útfararstofu umfram aðra. „Ég held að það sé nú fyrst og fremst orðspor og svo er þetta svolítið maður þekkir mann lögmálið. Ég

hugsa til dæmis að verðmunurinn sé ekki mikill. Það er fyrst og fremst gott viðmót sem fólk sækist eftir.“

Sverrir segir starfið gefandi þó það reyni vissulega á. „Ef um sviþleg fráfall er að ræða eða fráfall barns eða ungrar manneskju lætur það mann ekki ósnortinn. Þá er gott að vinna

með góðu fólki auk þess sem við erum í samskiptum við fjölda presta sem er alltaf hægt að leita til.“ Með Sverri starfa útfararstjórnir Kristín Ingólfssdóttir og Hermann Jónasson. Hefðbundinn opnunartími er frá 8-17 en þó er hægt að hafa samband allan sólarhringinn. Sjá nánar á utforin@utforin.is.



Engill dauðans. Oftast er sláttumaðurinn þó ekki fagur engill, heldur fremur óhugnanleg persóna eða beinagrind.

## Slyngur sláttumaður

Hvaðan eru hugmyndirnar um dauðann sem beinagrind með ljá í hendi upprunnar?

Á Íslandi er dauðinn gjarnan persónugerður sem maðurinn með ljáinn, og í sálminum „Um dauðans óvissan tíma“ líkir Hallgrímur Pétursson dauðanum við slyngan sláttumann. Á ensku heitir hann Grim Reaper eða Scythe-man og á þýsku Sensemann.

Hugmynd okkar á Vesturlöndum um dauðann sem mann með ljá, sigð eða hníf í hendi má sennilega rekja til Opinberunar Jóhannesar í Nýja testamentinu.

Ekki er með öllu ljóst hvaða sláttuverkfæri er átt við í gríska frumtextanum en í hugarheimi fólks hefur dauðinn trúlega haft það í hendi sem mönnum var skiljanlegast á hverjum stað: Sigð er notuð við kornskurð en ljár á gras. Ekki er sláttumaðurinn fagur engill, heldur oftast fremur óhugnanleg persóna eða beinagrind. Í myndlist miðalda er hann gjarnan með ljá í hendi, sem líklega hefur þótt ógnvænlegra en hokinn maður með sigð. Þýsku og flæmsku málararnir Dürer og Bruegel á 16. öld hafa hann auk þess á skinhoruðum hesti. [www.visindavefurinn.is](http://www.visindavefurinn.is)



### Erfidrykkjur af alúð

Hótel Saga annast erfidrykkjur af virðingu og hlýju. Fágað umhverfi, góðar veitingar og styrk þjónusta.


Sími: 525 9930  
hotelsaga@hotelsaga.is  
[www.hotelsaga.is](http://www.hotelsaga.is)

**Radisson** BLU  
HÓTEL SAGA, REYKJAVÍK

**BYLGJAN** 25 ÁRA 989

**Heimir & Kolla vakna með þér í bítíð**

Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00



## Grand ERFIDRYKKJUR

Samvera í notalegu umhverfi

Á Grand Hótel Reykjavík færðu faglega og persónulega þjónustu.

- Fjölbreytilegt úrval sala sem henta vel til erfidrykkju
- Fyrirmyndaraðstaða fyrir allt að 400 manna erfidrykkjur
- Veitingar eru allar búnar til á staðnum, ávallt úr fersku og hágæða hráefni
- Dekkuð borð með rósum og kertum
- Sérstakt borð til heiðurs hinum látna með gestabók, ljósmynd, blómum og kertum
- Fagleg þjónusta og hlýlegt viðmót
- Frábært aðgengi að hótelinu ásamt nægum bílastæðum

*Hlýlegt og gott viðmót á Grand*

Grand Hótel Reykjavík  
Sigtún 38  
105 Reykjavík  
Sími: 514 8019  
E-mail: [erfidrykkjur@grand.is](mailto:erfidrykkjur@grand.is)

**Grand**  
HÓTEL  
REYKJAVÍK

## Erfidrykkja á Hotel Borg

brauðtertur  
brauðréttir  
flatbrauð  
þönnukökur  
snittur  
tertur

Salir af öllum stærðum sem henta fyrir allt að 500 manns.

Starfsfólk Silfurs veitir allar nánari upplýsingar um salakynni og veitingar.

Sími: 578 2008

Rafpóstur: [info@silfur.is](mailto:info@silfur.is)



**HÓTEL BORG**



**ÚTFARARÞJÓNUSTA  
KIRKJUGARÐA AKUREYRAR**  
Höfði, v/ Þórunnarstræti · 600 Akureyri  
Sími 461 4060 · Fax 461 4061

**Bjóðum upp  
á krossa á leiði**

- Trékrossa
- Zinkhúðaða
- Úr ryðfriú stáli
- Áletrum plötur

Eigum margar gerðir af krossum



<http://www.kirkjugardur.is>

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI ÍPRÓTTIR LÍFID UMRÆÐAN

**NÚ ER UMRÆÐAN FJÖLBREYTTARI, SKEMMTILEGRI, FJÖRLEGRI, ÍTARLEGRI OG AÐGENGILEGRI Á VÍSI**



Meiri Vísir. **vísir**



Starfsmenn Útfararþjónustu Kirkjugarða Akureyrar, þau Matthías Þorbergsson og Bergljót Sigurðardóttir, standa hér í kapellu útfararþjónustunnar. MYND/HEIDA.IS

## Þjónusta Norðurland

Útfararþjónusta Kirkjugarða Akureyrar býður persónulega þjónustu og leiðir aðstandendur látinna í gegnum útförina af kunnáttu og tillitssemi.

**Þ**egar aðstandendur leita til okkar byrjum við á að fá þá til okkar í viðtal og spjall. Þá förum við í gegnum alla þætti sem þarf að huga að. Síðan hefur fólk val um það hvaða þjónustu það vill fá okkur til að sjá um og hvað það vill gera sjálf,“ segir Þórhalla Halldórsdóttir, útfararstjóri hjá Útfararþjónustu Kirkjugarða Akureyrar. Hún segir að mikil áhersla sé lögð á persónulega þjónustu enda fylgi sama manneskjan fólkinu eftir í öllu ferlinu.

„Við gerum nánast allt það sem fólk óskar eftir,“ segir Þórhalla. „Við sendum auglýsingar, pöntum blóm, útbúum sálmaskrá, útvegum tónlistarfólk

og búum hinn látna í kistu.“ Þá getur útfararstofan einnig aðstoðað við skipulagningu erfidrykkju, pantað sal og veitingar.

Útfararþjónusta Kirkjugarða Akureyrar hefur yfir góðri aðstöðu að ráða, bæði líkhúsi og kapellu. Þá á þjónustan tvo góða líkbíla. Þórhalla bendir á að útfararþjónustan hafi nóg af kistum og krossum á lager auk þess sem hún þjónusti allt Norðurland og geti sent kistur og krossa hvert á land sem er.

Þórhalla segir fólk hafa ákveðnar skoðanir á hvernig útfarirnar eigi að fara fram og hvers konar krossa og kistur það kys. Ávallt sé reynt að koma til móts við óskir aðstandenda.

# Íslenskar steintegundir vinsælar

Steinsmiðjan Mosaik hefur starfað frá árinu 1952 og fagnar því 60 ára starfsafmæli á næsta ári.

**F**yrstu árin framleiddum við einum steinsteypt handrið, terrazzo-gólf, gifslista og rósettur en fyrir um það bil 45 árum hófum við framleiðslu á legsteinum sem eru nú aðalsöluvaran okkar,“ segir Sonja Waltersdóttir Ferrua.

„Það er að mörgu að huga þegar kaup á legsteinum eru annars vegar, bæði varðandi steintegundir, leturgerðir og fylgihluti. Mosaik er með mjög mikið úrval af legsteinum bæði úr íslenskum og erlendum steintegundum. Marmari og granít eru innfluttar steintegundir og svo erum við með gabbró, líparít og blágrýti, öðru nafni stuðlaberg, af þeim íslensku. Við bjóðum við upp á margar leturgerðir í sandblásnum stöfum og tvær gerðir af koparstöfum.“

Sonja segir að legsteinar úr

graníti séu vinsælastir hjá Mosaik en á hæla þess komi íslenska blágrýtið. „Það eru margir sem vilja aðeins fá íslenska steintegund þegar þeir velja legstein. Bæði granít og blágrýti eru mjög veðurþolnar steintegundir og henta vel íslenskri veðráttu. Þá erum við með mjög mikið úrval af fylgihlutum fyrir legsteinum; luktir á leiðin, blómavasa, fugla og englastyttur.“

Sonja segir að Mosaik leggi mikið upp úr góðri þjónustu og vönduðum vinnubrögðum við framleiðslu og uppsetningu legsteinna. Við tökum einnig að okkur að lagfæra og hreinsa eldri legsteinna og mála ofan í stafina þegar málningin er farin að láta á sjá. Sömuleiðis hefur fólk samband við okkur til að láta rétta skakka steina eða gera endurbætur á gömlum steinum.



Sonja Waltersdóttir Ferrua við hluta af því úrvali af legsteinum sem Mosaik hefur upp á að bjóða. MYND/GVA



**TILBOÐSDAGAR**


Frí uppsetning á höfuðborgarsvæðinu og frí sending út á land á legsteinum sem pantaðir eru frá 20. okt. – 30. nóv.

**MOSAİK** • Hamarshöfða 4 • 110 Reykjavík  
sími 587 1960 • [www.mosaik.is](http://www.mosaik.is)

**GÓÐ TILBOÐ**

Mosaik er oft með tilboð í gangi og nú ætlar fyrirtækið að bjóða upp á frjár uppsetningar á höfuðborgarsvæðinu og frjár sendingar út á land af þeim legsteinum sem pantaðir eru hjá því frá 20. október til 30. nóvember.

[www.mosaik.is](http://www.mosaik.is)





## Fólkið í landinu les Fréttablaðið

Ný fjölmiðlakönnun Capacent Gallup staðfestir vinsældir Fréttablaðsins enn einu sinni. Til dæmis lesa tæplega 70% íbúa höfuðborgarsvæðisins milli átján og fimmtugs að meðaltali hvert tölublað Fréttablaðsins - næstum þrefalt fleiri en lesa það dagblað sem kemur næst á eftir.

Við erum stolt af þessum glæsilega árangri og munum halda áfram að miðla skemmtilegu og upplýsandi efni, hlusta á raddir lesenda og vera líflegur vettvangur fyrir skoðanaskipti.

18-49 ára	Höfuðsv.	Landið allt	12-80 ára	Höfuðsv.	Landið allt
Fréttablaðið	69,9%	57,7%	Fréttablaðið	73,1%	60,1%
Morgunblaðið	26,3%	24,4%	Morgunblaðið	33,4%	31,5%
DV	9,5%	9,4%	DV	11,4%	10,9%
Fréttatíminn	44,4%	32,3%	Fréttatíminn	50,7%	36,9%
Finnur.is	25,3%	19,6%	Finnur.is	33,8%	26,1%
Monitor	24,5%	22,4%	Monitor	24,4%	23,5%
Viðskiptablaðið	7,1%	6,8%	Viðskiptablaðið	9,8%	8,7%

Prentmiðlakönnun Capacent Gallup. Júlí til september 2011, meðallestur á tölublað.



Allt sem þú þarft...



Graníthúsið sendir legsteina frítt út á land.



„Við ákváðum strax fyrir ári, þegar við settum meiri áherslu á legsteinasölu, að bjóða upp á eins gott verð og mögulegt væri,“ segir Guðni. MYND/VILHELM



Flestir steinarnir eru úr graníti og unnir í Kína. Einnig er hægt að fá steina úr marmara og íslensku grjóti.

# Frábær þjónusta og betra verð

Graníthúsið í Hafnarfirði kom með ferskan blæ inn á legsteinamarkaðinn á síðastliðnu ári. Úrval legsteina var aukið og verðið er afar hagstætt. Þá hefur þjónustan við landsbyggðina verið bætt til muna auk þess sem Graníthúsið sendir legsteina frítt út á land.

Graníthúsið hefur á undanförförum ári lagt aukna áherslu á framleiðslu og framboð á legsteinum. Fyrirtækið flutti nýlega þann hluta þjónustunnar í stærra húsnæði við Helluhraun 12 og býður góða vöru á mjög samkeppnishæfu verði.

## Senda frítt út á land

„Þegar við fórum af auknum krafti út í legsteinasölu urðum við fljótt varir við að fólk kvartaði mjög undan því hve dýrt væri að fá legsteina senda út á land. Kostnaðurinn væri allt að 40 þúsund krónur allt eftir staðsetningu. Við tókum þá ákvörðun að reyna að koma því þannig við að allir sætu við sama borð,“ segir Guðni Sigurðsson, starfsmaður Graníthússins. Í framhaldi af því var samið við flutningafélög og þar sem ætlunin var að senda töluvert magn af steinum náðust góðir samningar. „Þannig náðum við að lækka verðið all verulega og ákváðum að bjóða fólki að senda legsteina

„Við höfum kappkostað að ganga eins vel frá steinum og hægt er á leiðunum. Við viljum gera þetta eins og við værum að vinna að leiði eigin ættingja.“

frítt út á land,“ upplýsir Guðni og segir þessa þjónustu hafa mælst afar vel fyrir.

Hann segir langalgengast að fólk komi sjálft til að velja sér stein þrátt fyrir að það þurfi að koma langar leiðir. „Fólk gefur sér góðan tíma til að velja stein. Þetta er enda svo persónulegt val og fólk þarf að koma við steininn og fá tilfinningu fyrir honum áður en hann er valinn.“

## Mikið úrval legsteina

Flestir legsteinar Graníthússins koma frá Kína. „Við erum með afar færa konu sem vinnur fyrir okkur þar,“ segir Guðni, en Graníthúsið bæði kaupir steina sem eru seldir víðar og lætur smíða fyrir

sig steina eftir eigin hönnun. „Við erum til dæmis með hönnuð núna sem vinnur að þremur steinum sem verða í boði hjá okkur á næsta ári,“ segir Guðni og bætir við að einnig sé sá möguleiki fyrir hendi að láta sérsmíða steina fyrir fólk sem hefur sérstakar skoðanir á útliti og stærð.

„Flestir steinarnir eru úr graníti en það er einnig hægt að fá steina úr marmara og íslensku grjóti,“ upplýsir Guðni. Hann segir ætlunina að auka enn meira úrvalið af íslenskum steinum í framtíðinni.

## Hagstætt verð

Verðið á legsteinum Graníthússins er afar hagstætt miðað við íslenska markaðinn. „Við ákváðum strax

fyrir ári þegar við settum meiri áherslu á legsteinasölu, að bjóða upp á eins gott verð og mögulegt væri,“ segir Guðni. Hann áréttar að fyrirtækið sé í öðrum rekstri líka, framleiði borðplötur og sinni steinsmíði, og legsteinarnir falli vel að þeim rekstri. „Þannig fáum við góða nýtingu úr tækjunum okkar og með því móti getum við boðið þetta góða verð.“

## Framúrskarandi þjónusta og umgengni

„Við höfum kappkostað að ganga eins vel frá steinum og hægt er á leiðunum. Við viljum gera þetta eins og við værum að vinna að leiði eigin ættingja,“ segir Guðni, en falletur frágangur er hafður að leiðarljósi hjá starfsmönnum Graníthússins. „Meirihluti fólks hringir í okkur eftir að við höfum sett upp steinana og þakkar fyrir fráganginn. Það gefur okkur mikið,“ segir Guðni og bætir við að forsvarsmenn kirkjugarðanna hafi einnig hrósað þeim fyrir

hvernig gengið sé um garðana og leiðin.

Yfirleitt liður eitt til tvö ár frá jarðarför og þar til legsteinn er settur á leiði. „Það er hægt að gera það fljótlega eftir jarðarförina en það þýðir að huga þarf betur að frágangi síðar meir, þar sem jarðvegurinn breytist og sekkur,“ lýsir Guðni. Hann áréttar að Graníthúsið bjóði upp á þá þjónustu að koma síðar til að laga legsteininn ef hann fer að síga eða halla. „Það er einnig stefna okkar að auka þjónustu okkar í viðhaldi á legsteinum og leiðum,“ segir hann.

Guðni bendir á að Graníthúsið bjóði einnig upp á ýmsa aukahluti sem fylgi legsteinum. „Fyrir jólin ætla ég til dæmis að bjóða koparlugtir til sölu sem við munum setja frítt á steinana. Það er fallett í þessum dimma mánuði að lýsa upp myrkrið,“ segir hann.

Nánari upplýsingar um legsteina og þjónustu Graníthússins er að finna á vefsíðunni [www.granithusid.is](http://www.granithusid.is)